

Fimmtudaginn 11. maí 1978.

Nr. 131/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

A

(Jón Oddsson hrl.).

Sýknað af ákæru um sifskapar- og skírlífisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Málinu er aðeins áfrýjað að því er varðar ákærða A.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, einkum varðandi nám telpunnar X.

I.

Í ákæruskjali er ákærði borinn þeim sökum, að hann hafi tvívegis „haft samræði og önnur kynferðismök“ við dóttur sína X, fædda . . . 1965, að viðstöddum B, fæddum . . . 1935, en hann var einnig sakaður um sams konar atferli gagnvart X. Segir í ákæruskjali, að ákærði hafi gerst sekur um þetta atferli í fyrra skipti um áramótin 1971—1972 og í síðara skipti um mánaðamótin maí—júní 1972.

II.

Í héraðsdómi er sakargögnum lýst og rakinn ferill rannsóknar málsins. Þykir rétt að greina í samfelldu máli hið helsta úr sakargögnum, sem máli skiptir við mat á sekt ákærða eða sýknu, en að öðru leyti er vísað til héraðsdóms um reifun gagna þessara.

1. Stúlkan X kom fyrst fyrir rannsóknarlögreglu í Hafnarfirði 13. júlí 1972, og var hún þá 7 ára gömul. Þessi skýrslugjöf fór fram um það bil hálfum öðrum mánuði eftir að ákærði á að hafa haft kynræn afskipti af henni í síðara skipti og röskum 6 mánuðum eftir afskiptin í fyrra skipti. Var

móðir X viðstödd þessa skýrslugjöf svo og fulltrúi frá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar. Er skýrsla X tekin upp í héraðsdóm. Lýsir hún því, hvernig ákærði og maður að nafni B hafi haft af sér kynræn afskipti og í hverju þau hafi verið fölgín. Móðir X lýsir því fyrir rannsóknarlögreglu hinn 15. júlí 1972, að hún hafi orðið „hissa á framburði“ X hinn 13. júlí. Kveðst hún hafa gengið á hana, er heim kom, „og hafi X þá sagt frá á sama hátt og hjá Rannsl. . .“. X kom fyrir dóm 22. september 1972. Skýrir hún frá kynrænum afskiptum þeirra ákærða og B af sér að mestu leyti á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Við þessa yfirheyrslu var m. a. fulltrúi barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar. X hefur eingöngu gefið skýrslu í málinu í þessi tvö skipti.

2. Stúlkan D, fædd 1960, skýrir svo frá fyrir rannsóknarlögreglu 21. júlí 1972, að X hafi sagt sér frá því, að ákærði hafi haft kynræn afskipti af henni. Er skýrsla D greind í héraðsdómi.

3. B kom fyrir rannsóknarlögreglu 14. júlí 1972. Gekkst hann viðstöðulaust við kynrænum afskiptum af X. Lýsti hann náíð, hvernig atferli ákærða hafi verið gagnvart X, og vísast um það til héraðsdóms. Á dómþingi 19. júlí 1972, er bókað, að B hafi skýrt frá „á sama veg og hjá rannsóknarlögreglu varðandi tilraunina til kynmaka við telpuna“, að öðru leyti en um eitt atriði, sem hér þarf eigi að greina. Í dómskýrslu 3. ágúst 1972 segir B, að þeir ákærði hafi verið „undir áhrifum áfengis og pillna (amfetamíns)“ í bæði skiptin, er þeir reyndu kynmök við X, „en þeir hafi þó ekki verið drukknari eða undir meiri áhrifum en það, að þeir hafi gert sér grein fyrir því, sem þeir voru að gera“.

4. Telpan X kom til skoðunar hjá Andrési Ásmundssyni, sérfræðingi í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, 13. júlí 1972 að lokinni skýrslugjöf hjá rannsóknarlögreglu, sbr. 1. tölu-lið að framan. Er vottorð læknisins um frásögn X af athurðum og skoðun hans á henni tekið upp í héraðsdóm. Er frásögn X af athurðum þessum samkv. vottorðinu svipuð og fyrir rannsóknarlögreglu. Læknirinn telur, að samkvæmt skoðun sinni sé „útilokað, að hafðar hafi verið við hana (þ. e. X) fullkomnar samfarir“.

5. Ákærði kom fyrir rannsóknarlögreglu 13. júlí 1972. Lýsti hann sig algerlega saklausan af áburði um kynmök við dóttur sína X. Í þinghöldum í sakadómi Hafnarfjarðar 20. júlí s. á. og 4. ágúst s. á. synjaði hann og staðfastlega fyrir að hafa haft kynmök við eða kynræn afskipti af X, en í síðara þinghaldinu víkur hann að grunsemdum, sem hann hafi haft um kynmök B við X. Í þinghaldi þessu voru þeir ákærði og B samprófaðir. Héldu þeir hvor um sig fast við framburði sína. Ákærði kvað X hafa gefið til kynna, að B hefði verið „að fikta við hana“. Þeim ber saman um það í samprófuninni, að þeir hafi neytt pillna og áfengis á þeim tíma, er B kveður kynmök þeirra við X hafa farið fram. Í þingbók er þetta m. a. bókað um samprófunina: „Aðspurður segir A, að hann hafi ekki sótt X til að þeir hefðu kynmök við X, eins og mætti B heldur fram, en mætti A kveðst ekki minnast þess, að sá atburður hafi gerst, sem hér er fjallað um“.

III.

Til þess var stofnað af hálfu héraðsdómara, að fram færi rannsókn á andlegum þroska barnsins X, „greind þess og hæfni til að átta sig á aðstæðum og skynja þær, þ. á m. atburði þá, sem sakamálið snýst um, og hver áhrif megi búast við, að þeir hafi haft á geðheilsu og þroskabraut þess“. Fól héraðsdómari Sverri Bjarnasyni lækni að annast rannsókn þessa með bréfi 18. janúar 1973. Frá því var skýrt í flutningi málsins, að af þessari rannsókn hafi eigi orðið vegna andstöðu foreldra X, og styðst það við bréf, er Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður ritaði héraðsdómara f. h. ákærða hinn 31. júlí 1974 og lagt er fram í málinu. Er það miður, að slík rannsókn skuli ekki hafa farið fram. Í umsögnum kennara X kemur fram, að hún sé greind og skýr, og ráðið verður af námsgögnum hennar, sem fram hafa verið lögð, að henni gangi vel í skólanámi sínu.

Um framburði telpunnar X ber að hafa í huga, að þeir eru glöggir, og eigi er misræmi í frásögn í þau tvö skipti, er hún gaf skýrslur í málinu. Er frásögn hennar í viðtali við lækni og í samræmi við framburði þessa. Hins vegar kem-

ur það til, að hún er mjög ung, er þessir atburðir eiga að hafa gerst, og hitt, að á heimili hennar hafa kynræn málefni verið mjög til umræðu að því er ráðið verður af sakargögn-um. Má vera, að framburður hennar og skynjun litist nokkuð af því.

Skýrslur B eru sjálfum sér samkvæmar að öllu verulegu. Hins vegar verður að gæta þess við mat á sönnunargildi framburða hans, að hann hafði átt við alvarleg áfengisvandamál að stríða um nokkurt árabíl, og samkvæmt framansögðu voru þeir ákærðu báðir undir áhrifum áfengis og pillna á þeim tíma, er verknadir þeir eiga að vera framdir, sem ákærði er sakaður um í ákæruskjali.

Fyrir það er girt að lögum, að telpan X og B geti heitfest framburði sína.

Ákærði, sem sætti gæsluvarðhaldi nokkurn tíma, hefur staðfastlega synjað fyrir sekt sína.

Sakargögn virt í heild sinni bera að vísu talsvert mikið böndin að ákærða um, að hann sé sekur um refsiverð kynræn afskipti af telpunni X. Þar sem ýmislegt veikir sönnunargildi helstu sakargagna, sem greint hefur verið frá, þykir þó ekki alveg fullnægjandi sönnun fram komin fyrir sekt ákærða, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu með vísan til 108. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar að því er varðar ákærða A bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin þóknun til réttargæslumanns ákærða í héraði, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði A á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til rétt-

argæslumanns ákærða í héraði, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 3. mars 1976.

Árið 1976, miðvikudaginn 3. mars, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð var í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 780-781/1973: Ákærvaldið gegn A og B.

Mál þetta var fyrst dómtekið 29. apríl 1974, en var endurupptekið 15. desember 1975 og svo dómtekið að nýju 28. janúar 1976.

Málið er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 28. ágúst 1972, höfðað gegn A . . . , Hafnarfirði, og B . . . , Reykjavík, fyrir að hafa tvívegis, í fyrra skiptið um áramótin 1971—1972 og í seinna skiptið um mánaðamótin maí—júní 1972, haft samræði og önnur kynferðismök við stúlkuna X, dóttur ákærða A, fædda . . . 1965, í bæði skiptin að kvöldlagi á heimili ákærða A að . . . í Hafnarfirði. Athöfnum sínum höguðu ákærðu þannig, að þeir létu stúlkuna afklæðast að öllu leyti jafnframt því sem þeir afklæddust sjálfir og létu hana síðan leggjast á borð í borðstofu, þar sem þeir fóru lostugum höndum um líkama stúlkuunnar, og ákærði B hóf samfarir við hana með því að setja getnaðarlim sinn að hluta inn í kynfæri stúlkunnar og hefja samræðishreyfingar, sem stóðu nokkra stund, eða þar til A tók við og framdi samfarir við stúlkuna með sama hætti. Ákærðu höfðu í báðum tilvikum full samráð um greindar athafnir, og fylgdist hvor gerla með athöfnum hins.

Atferli beggja ákærðu telst varða við 1. mgr. 200. gr. og 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða A auk þess við 1. mgr. 190. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir sakhæfir.

Ákærði A er fæddur . . . 1931 í Reykjavík og hefur sætt kær-um og refsingum sem hér segir:

- 1956 12/12 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1962 14/4 í Hafnarfirði: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1964 16/9 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., og 200. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., sbr. 204. gr. hegningarlaga.

B er fæddur 10. júní 1935 í Reykjavík og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1960 11/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1960 24/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1961 13/10 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt, og svipting öku leyfis í eitt ár frá birtingu dómsins, fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum.
- 1962 16/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 21/1 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 23/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 14/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 24/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 28/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 13/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 1/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 12/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisl.
- 1966 1/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisl.
- 1972 21/12 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 248. og 261. gr. hegningarlaga.

Verjandi ákærða A, hæstaréttarlögmaður Jón E. Ragnarsson, hefur krafist sýknu af refsí- og málskostnaðarkröfum, en að honum verði ætluð hæfileg málskostnaðarlaun úr ríkissjóði svo og að hæstaréttarlögmanni Jóni Oddssyni verði á sama hátt ætluð bóknun fyrir réttargæslu og verjandastarf við rannsókn málsins.

Til vara er þess krafist, að ákærða verði eingöngu gerð vægasta refsing, sem lög frekast heimila, og verði þá gert að greiða sakarkostnað að hálfu auk sömu kröfu um sóknarlaun.

Verjandi ákærða B, héraðsdómslögmaður Erlingur Bertelsson, gerði þær dómkröfur, að skjólstæðingur hans yrði sýknaður af öllum refsikröfum í málinu, en til vara, að honum yrði eingöngu

gerð vægasta refsing, sem lög heimila. Þá krafðist hann þess, að honum yrðu greidd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Samkvæmt framburði ákærðu, vætti vitna og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

12. júlí 1972 ritar Snorri Jónsson, fulltrúi barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar, bæjarfógetanum í Hafnarfirði bréf, þar sem hann greindi frá því, að grunur léki á því, að ekki væri allt með felldu um kynhegðun ákærða A. Hafði einn nágranna ákærða komið að máli við Snorra og látið í ljós grun um, að ákærði A hefði tilhneigingu til kynferðislegra afskipta af stúlkubörnum undir lögaldri. Hafði hann sagst vita til þess, að börn þar í nágrenninu hafi talað um það sín á milli, að ákærði A hefði mök við elstu dóttur sína, sem þó væri ekki nema 7 ára.

Þá vísaði fulltrúinn til greinar í Mánudagsblaðinu 3. júlí s. á. og taldi sjálfsagt, að hún hefði magnað orðróm um hina óeðlilegu kynhegðun ákærða, og óskaði hann rannsókna, svo að hið sanna mætti koma í ljós.

Grein sú, sem fulltrúinn vísaði til í Mánudagsblaðinu, nefndist — Hvít þrælasala á vegum Vísis og pósthólf 172 í Hafnarfirði. Er þar vitnað til auglýsingar, sem birtist í dagblaðinu Vísi og var svohljóðandi: „Fyrir þá frjálslyndu — Eignist Midland Advertiser, tímarit ástasambandanna. Hér er loks tímaritið með auglýsingum frá þeim, sem eru að leita að ástvinum. Midland Advertiser kr. 150. — TIS Pósthólf 172 DV Hafnarfjörður“. Þá var og vitnað til auglýsingar, sem birt hafði verið í tímaritinu Midland Advertiser og var á þennan veg: „ — Join our DEPARTMENT NOW. — A lifetime registration — only 2 dollars or £1 or any equivalent. 1000's of beautiful girls & handsome men, from all over the world are waiting to contact you. We will serve you as long as you wish. We will search until we find what you are looking for. Write to day and use the most unique contact and info centres there is. Write now to: — T.I.S. Box 172 Hafnarfjörður Iceland.“

Greinarhöfundur hafði fengið upplýst, að fyrir pósthólfi 172 væri skráð E, eiginkona ákærða A. Tekur hann upp úr tímaritinu nokkrar auglýsingar, þar sem hlutaðeigandi óskar að komast í kynni við karlmenn eða konur beinlínis með einhvers konar kynmök í huga. Lætur greinarhöfundur að því liggja, að með dreifingu umrædds tímarits og birtingu framangreindrar auglýsingar í það blað stuðli eigandi pósthólfs 172 að því að koma stúlkum í sambönd, sem þær losni ekki úr og endi með því, að

þær lendi ánauðugar í hórúsum á ýmsum stöðum heims. Blöð eins og Midland Advertiser séu aðeins milliliðurinn í hvítri þrælasölu og byggi ekki á sömu grundvallarreglu og aðrir klúbbar um bréfasambönd.

Vegna fyrrgreindra auglýsinga í dagblaðinu Vísi, sem þóttu benda til þess, að ákærði reyndi að hafa kynhvátir annarra að féþúfu, hafði Geir Stefánsson, lögreglupjónn nr. 10 í Hafnarfirði, tal af nokkrum nágrönnum ákærða A 5. júlí 1972. Ekki höfðu þeir orðið varir við óeðlilega mikinn umgang við hús hans, en þó nokkuð tíðar ferðir leigubíla að húsinu. F, sem heima átti í næsta húsi við ákærða, tjáði lögreglumanninum, að hann og eiginkona hans óttuðust, að hegðun ákærða við börn sín væri ekki með eðlilegum hætti, og kvað F dóttur sína hafa haft eftir X, dóttur ákærða A, fæddri . . . 1965, að faðir hennar hefði mök við hana.

G, sem og bjó í húsi, sem stendur nærri húsi ákærða A, óttaðist mjög um dóttur sína I, fædda . . . 1963, vegna ákærða. Kvað hún dóttur sína og fleiri börn hafa vitneskju um, að samband og umgengni ákærða við börn sín væri ekki með eðlilegum hætti, og óttuðust því nágrannar hans um stúlkubörn sín vegna hans og bönnuðu þeim að koma inn á heimili hans.

Þá tók rannsóknarlögreglan 21. júlí 1972 skýrslu af stúlkunni D, fæddri . . . 1960, sem átti heima í húsi, sem stendur nærri húsi ákærða A. Hún sagðist hafa töluvert verið með X, dóttur ákærða, og hafði hún eftir X, að faðir hennar hefði stundum við hana kynmök, leggi hann hana ýmist upp á borð eða dívan, en áður hafi hann látið hana fara úr fötum, og svo hafi hann við hana samfarir og blæði þá stundum úr kynfærum hennar. Hún sagði pabba sinn stundum vera fullan, er hann væri að þessu. Enn fremur hafði D eftir X, að móðir hennar hjálpaði pabba hennar við þetta, en því hefur móðirin neitað hér fyrir dómi. Þá sagði hún X hafa sagt, að pabbi hennar gerði þetta líka við yngri systur hennar. Ýmislegt fleira hafði hún eftir X, sem ekki verður rakið hér nánar.

Þá kom þetta fram í bréfi, sem H, . . ., Vestmannaeyjum, sendi rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og undirritað er af dóttur hennar J, Vestmannaeyjum, 10. ágúst 1972. „Ég var í Hafnarfirði um mánaðarmótin maí—júní, þá talaði ég við litla telpu, sem ég held að heiti X. hún er 7—8 ára, hún sagði þegar pabbi er fullur, er hann að káfa á þjásunni á okkur systrunum, og þegar mamma fór á spítala að eiga, ekki núna heldur hitt þar áður, þá voru

hinar stelpurnar hjá Ömmu, en ég var hjá pabba, þá svaf ég í rúminu hjá honum og þá setti hann tillan á sér inn í pjöllumuna á mér.“

H skrifar svo í eftirskrift, „Þetta sama sagði J og I, þegar þær komu inn til K þetta kvöld, ég var þá stödd í Hafnarfirði og á Garðstíg 3.“

Móðir X, E, sagði hér fyrir dómi, að X hefði talað um það, að pabbi sinn hafi verið að fíkta við sig.

13. júlí 1972 var X yfirheyrði af rannsóknarlögreglumanni í Hafnarfirði, og sagði hún það rétt vera, að pabbi hennar klæddi hana stundum úr buxunum og liggi hún þá ofan á honum að hans beiðni og væri hann þá buxnalaus líka. Stundum væri þetta lengi, stundum stutta stund. Er hún var fyrst spurð, hvort faðir hennar hefði reynt að setja getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, neitaði hún því, en er hún var aftur spurð að því, kvað hún pabba sinn stundum hafa reynt að setja lim sinn inn í kynfæri hennar og stundum meitt sig þar, en bara einu sinni hafi blætt úr henni þar. Fram kom hjá henni, að hún væri stundum ein með pabba sínum, er mamma hennar væri ekki heima. Hún vilji þetta stundum ekki, en þá pínir pabbi hennar hana til þess. Þá kom fram hjá telpunni, að hún hefði ekki orðið þess vör, að pabbi hennar felldi til hennar sæði.

Einn annan mann kvað hún hafa gert svona við sig, væri það maður að nafni B (ákærði B). Hafði þá pabbi hennar klætt hana úr buxunum fyrir B og hún svo verið látin liggja á borðinu í borðstofunni og hann (B) sett tillann í klofið á sér og það hafi pabbi hennar einnig gert í þetta skipti. Hún kvað B hafa gert þetta aftur og hún þá verið vakinn upp að nóttu til, er mamma hennar var á spítala að eiga barn. Hún kvað pabba sinn og þá hafa klætt sig úr buxunum, það geri hann alltaf. Hún kvaðst hafa verið sex ára, er pabbi hennar hóf þessa hegðun gagnvart henni.

Telpan kom svo fyrir dóm 22. sept. s. á. og skýrði þá svo frá, að hún kannaðist við, að maður að nafni B hefði komið heim til hennar og hann og pabbi hennar þá haft vín um hönd og hún verið kölluð til þeirra einstaka sinnum og þeir þá stundum vakið hana og þeir þá reynt að hafa samfarir við hana, sem ekki hafi tekist. Hún kvaðst hafa verið þessu mótfallin, en faðir hennar þá orðið sár og aumur, svo að hún hafi látið tilleiðast. Hún hafi oft verið hrædd, en ekki kallað á aðstoð, heldur leitt þetta hjá sér. Hún kvað ákærðu og stundum hafa sett fingurna inn í kynfæri hennar. Hún kvað þá hafa haft samfaratílaunir við sig,

meðan mamma hennar var á spítala vegna barnsburðar. Hún kannaðist ekki við að hafa sagt öðrum krökkum né öðrum frá sambandi hennar og ákærðu.

Stúlkan X var eftir þetta skoðuð af Andrésí Ásmundssyni, sérfræðing í kvensjúkdómum. Hann lýsir skoðuninni svo í framlögðu læknisvottorði:

„Hinn 13/7 1972 skoðaði ég kl. 18.00, samkvæmt beiðni Sveins Björnssonar, yfirlögregluþjóns í Hafnarfirði, stúlkubarn, er kvaðst heita X, vera fædd . . . 1965, búsett í . . . Hafnarfirði. Skoðunin fór fram á lækningastofu minni í Domus Medica í Reykjavík. Ástæðan fyrir skoðuninni var sögð þrálátur orðrómur um kynmök föður stúlkunnar við hana, og hafði barnaverndarnefndin í Hafnarfirði óskað eftir rannsókn. Sagðist stúlkunni svo frá, að pabbi sinn hafi frá því að hún var 6 ára gömul oft sett tillan inn í sig og hafi einu sinni blætt úr sér og henni verið illt eftirá. Seinast hafi pabbi sinn gert þetta fyrir einum mánuði. Eitt sinn sagði hún, að B, kunningi föður hennar, hafi reynt að gera þetta og hafi faðir hennar tekið ljósmyndir af. Eitt sinn sagði hún pabba sinn hafa reynt við hana og systur hennar að móður þeirra áhorfandi, en föðurnum hafi aðeins tekist að stinga tillanum inn í mömmuna.

Við skoðun fann ég frekar greindarlega stúlkun, og svaraði líkamlegur þroski hennar til aldurs. Engan áverka var að sjá á kynfærum, og meydómshimnan var heil. Ekki var hægt að þreyfa hana í fæðingarveg með litla fingri vegna þrengsla og því útilokað, að hafðar hafi verið við hana fullkomnar samfarir. Engir sáðlar fundust við smásjárskoðun. Þetta vottast að viðlögðum drengskap . . .“

Ákærði A var yfirheyrður um kæruatriðin hjá rannsóknarlögreglu 13. júlí og svo hér fyrir dómi 20. júlí 1972.

Hann viðurkenndi að annast dreifingu á blaðinu Midland Advertiser og greindi frá starfsemi TIS, sem hann kvað vera upplýsingamiðstöð, sem annaðist ýmsa fyrirgreiðslu fyrir félaga sína, sem ekki þótti þó þess eðlis, að leiddi til ákæru í máli þessu.

Ákærði sagði, er hann var fyrst spurður um ætluð kynmök hans við dóttur sína X, að hann væri algerlega saklaus af því og væri þetta svívirðilegur áburður, sem hann væri mjög hissa á. Er hann var nánar spurður um sama efni af rannsóknarlögreglu, neitaði hann að svara öllum spurningum hennar um þetta efni.

Er hann kom hér fyrir dóm, neitaði hann og að hafa haft kynmök við dóttur sína og kveður frásögn X ranga að því leyti. Hann

kvaðst hins vegar gruna meðákærða B um það. Hann kvað meðákærða hafa komið oft á heimili sitt og haft þá vín með. Hann kvað meðákærða vera eiturfjandeytanda og hann stundum fengið pillur hjá honum, þegar þeir hafi verið á fyllirí, og þeir þá fundið til örvandi áhrifa, en stundum hafi þær verið sljógvandi. Hann kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, er meðákærði gerði tilraun til að hafa kynmök við X, né kveðst hann hafa tekið myndir af því. Hann kvað það öruggt, að ákærði hafi verið á heimili hans á þeim tíma, er eiginkona sín hafi verið á spítala (vegna barnsburðar).

Meðákærði B bar hér fyrir dómi um kæruatriðin 19. júlí 1972. Hann kvaðst vera flugumferðarstjóri að mennt og hafa haft fast starf við flugumferðarstjórn á árunum 1955—1965, en frá þeim tíma hafi hann verið fremur laus við vinnu og ekki haldist á henni vegna óreglu.

Hann kvaðst vera áhugamaður um ljósmyndun og hafa kynnst ákærða A í sambandi við hana á árunum 1967—1968 og stundum heimsótt hann og konu hans. Á árunum 1971 og 1972 hafi heimsóknir hans á heimili meðákærða verið tíðari og hann þá verið orðinn kunnugur heimilisháttum hjá ákærða og þekkt heimilisfólk hans.

Hann kvaðst í byrjun kunningsskapar þeirra hafa haft samfarir við eiginkonu ákærða og hafi það verið með samþykki hans, sem ljósmyndaði samfarirnar, sbr. dskj. nr. V.

Öðrum hvorum megin við áramótin 1971—1972 kvaðst ákærði B hafa verið heima hjá meðákærða A og þeir verið undir áhrifum víns. Ákærðu voru að skoða myndablöð um kynferðismál og þá talað mikið um samfarir. Seint um kvöldið, er kona ákærða A, E, og börn þeirra hafi verið sofnuð nema X hafi ákærði A beðið X að fara úr búxunum og reyndar öllum fötunum og fara þar upp á borð í borðstofunni, sem hún hafi gert þá þegar án mótpróa og legið á bakinu á borðinu með kynfærin við borðbrúnina, en þeir ákærðu þá báðir verið naktir. Ákærði B kvaðst þá hafa byrjað að nudda kynlim sínum við kynfæri X, sem hafi verið útglennt, en hann hafi ekki farið langt inn vegna fyrirstöðu, sem hann fann fyrir, og honum hafi ekki tekist að hafa eðlilegar samræðishreyfingar við telpuna og samfarirnar því ekki fullnast, þar sem kynlimur hans hafi linast upp. Hann kvaðst hins vegar hafa nuddað kynlim sínum utan í getnaðarfæri telpunnar og svo hætt eftir að hafa verið nokkurn tíma að þessu,

en á meðan hafi ákærði A verið með myndavél á lofti, sem hann hafi þó sagt, að ekki væri filma í.

Hann kvað ákærða A svo hafa gert slíkt hið sama við telpuna og hafi limur hans farið eitthvað inn í kynfæri telpunnar, eða partur af kónginum, líkt og hjá honum, og er hann hafi verið nokkra stund að þessu, hafi honum orðið sáðfall og lekið í kynfæri stúlkunnar og við þau.

Ákærði B kvað þá og öðru sinni hafa reynt að hafa samfarir við X, en það hafi verið í apríl eða maí 1972 og hafi móðir telpunnar þá verið á spítala að eiga barn.

Þá hafi endurtekið sig sami verknaðurinn. Ákærði A hafi vakið X laust eftir miðnætti og ákærði B sett lim sinn aðeins inn í kynfæri telpunnar, en hann ekki farið inn að neinu sem heitið getur, þ. e. aðeins fremsti hluti kóningsins, en ekki hafi hann haft samfarir við telpuna.

Hann kvaðst hafa séð ákærða A reyna að hafa samfarir við telpuna og hreyft sig við það og fremsti hluti lims hans hafi ef til vill gengið inn í kynfæri telpunnar og hafi honum orðið sáðfall.

Ákærði kvað þá báða hafa látið telpuna nudda kynlimi sína og í bæði skiptin hafi þeir látið hana taka þá í munn sér.

Eiginkona ákærða A, E, fædd . . . 1937, kom hér fyrir dóm 2. ágúst 1972. Hún kvaðst ekki hafa verið heima, er ætluð kynmök ákærða A við X hafi átt sér stað. Hún kvað framkomu ákærða almennt nokkuð góða, en hann tali mikið um sín kynferðismál, bæði heima og heiman. Hana kvaðst ekki hafa grunað, að ákærði hefði mök við X né hinar dætur þeirra.

Hún kvað X hafa tjáð sér, að ákærði A hafi alltaf verið ölvaður, meðan hún var á spítala, og hafi þá meðákærði B oft komið á heimili hennar og haft með sér vín og pillur. Hún taldi útilokað, að ákærði A hefði haft kynmök við X vegna þess, hve kynlimur hans væri stór. Hún grunaði hins vegar meðákærða B um það og hafi hún viljað slíta kunningsskap við hann. Hún kvaðst, eftir að rannsóknarlögreglan hafði yfirheyrt X, hafa spurt um sama efni, er heim var komið, og hún skýrt henni frá á sama veg.

Hún var spurð um kynferðismál þeirra hjóna, sem hún vildi ekki ræða um, en kvað ákærða A varla vera normal, þegar hann væri drukinn, hvorki gagnvart sér né börnunum.

Hún kvað hann tapa mjög minni við og eftir vındrykkju og reyni hún þá stundum að glöggva hann á því, hvað gerst hafi, en

bregðist hann þá stundum reiður við og það rifjast ekki upp fyrir honum, þó að hún reyni að lýsa fyrir honum, hvað gerst hafi (tók dæmi um, er hann hafi slegið hana ölvaður).

Upplýst er, að E var á fæðingardeild Sólvangs frá 30. maí til 6. júní 1972.

Ákærði B kom aftur fyrir dóm 3. ágúst 1972 og greindi þá frá því, að er hann hafi komið heim til meðákærða A hafi hann oft komið með áfengi og amfetamin, sem rói hann mjög á taugum. Hann kvað þá hafa neytt áfengisins stíft og stundum tekið 2—3 daga drykkjutíma saman. Þá hafi þeir einnig neytt þeirra pillna, sem ákærði hafði með sér. Hann kvað þá hafa verið í bæði skiptin, sem þeir reyndu kynmök við X, undir áhrifum vins og pillna (amfetamíns), en þeir þó ekki verið drukknari eða undir meiri áhrifum en það, að þeir hafi gert sér grein fyrir því, sem þeir voru að gera.

Hann mundi ekki sérstaklega eftir því, að meðákærði A tapaði minni við eða eftir vinnenslu.

Ákærði B taldi, að meðákærði A hefði átt frumkvæðið að því, að þeir höfðu mök við X, og kvað það hafa gert verknaðinn réttlætianlegri og eðlilegri í hans augum, að ákærði A var viðstaddur, en hins vegar hafi A ekki þvingað hann til þess. Hann sagði, að vera kunni, að hann hafi haft óbein áhrif á A til verknaðarins með tali um kynferðisleg efni, en bein áhrif hafi hann ekki haft.

Ákærði B var og spurður um kynmök hans við eiginkonu meðákærða A og sagði, að sér hafi virst konan vera þeim samþykk og farið algerlega eftir fyrirskipun A og engar greiðslur hafi farið fram vegna þeirra og ekki hafi ákærði A talfært við sig, hver væri tilgangurinn með að ljósmynda þessar samfarir.

Hann kveðst alltaf hafa verið fremur á móti hindrunum, sem lög og reglur setja um kynferðisleg efni.

Ákærði A kom aftur hér fyrir dóm 4. ágúst 1972 og neitaði þá sem fyrr að hafa haft kynmök við dóttur sína X. Hann kvað meðákærða B nær alltaf hafa komið með áfengi inn á heimili sitt, þegar hann kom í heimsóknir, og með vínbirgðir, þegar helgar fóru í hönd. Að auki hafi hann nær alltaf komið með með sér pillur. Hann gerði sér ekki grein fyrir, hvernig pillurnar veruðu á sig kynferðislega, þar sem hann hafi auk þess verið undir áhrifum áfengis, þegar hann neytti þeirra. Stundum kvaðst hann hafa komist í skemmtilegt stuð og myndast fjörgandi áhrif hjá honum, en stundum hafi hann lognast alveg út af. Hann gerði ekki mikið úr minnisleysi sínu við og eftir vindrykkju,

hann muni allt, sem gerist, í höfuðatriðum, en gleymi ýmsum smáatriðum. Hann kvaðst hafa grunað meðákærða um að hafa haft kynmök við X og kvaðst hafa fundið inn á það hjá X, að eitthvað hefði gerst í þessum efnum fyrir 2—3 árum. Er hann hafi innt X um framkomu meðákærða við hana, hafi hún lítið gefið út á þetta. Hann kvaðst hafa frjálslega afstöðu til kynferðismála.

Ákærði A kannast við að hafa tekið myndir þær af stúlkubörnum sínum, sem merktar eru dskj. nr. 21—24, þar sem þau eru nakin eða fáklædd, og er honum var bent á einkennilegar stellingar barnanna á myndunum, fann hann ekkert athugavert við þær.

Ákærðu voru samprófaðir þennan sama dag, og ber þeim þá saman um að hafa neytt áfengis og örvandi pillna á þeim tíma, sem ákærði B kveður kynmökina við X hafa átt sér stað.

Ákærði A neitaði fyrst að hafa haft kynmök við dóttur sína X, eins og ákærði B hélt fram, en sagði svo síðast við samprófunina, að hann minntist þess ekki, að sá atburður hefði gerst.

Ákærði B var spurður um dreifingu kynlífsmynda, sem hann kvaðst einungis hafa dreift til 3ja manna.

Ákærði A minntist þess ekki sérstaklega, að þeir meðákærði og hann hafi skoðað slíkar myndir um það leyti sem meðákærði kveði kynmökina við X hafa átt sér stað.

Ákærði B kvað myndir þær, sem hann hafi þá sýnt meðákærða í þessi skipti, hafa verið af mökum manna og dýra.

B kvað A hafa aðstoðað sig við kynmökina.

Ákærðu voru látnir hlíta rannsókn á geðheilbrigði, og annaðist þá rannsókn Jakob Jónasson geðlæknir, og í skýrslu hans um hana eru niðurstöðurnar þessar:

Um ákærða A.

„Klinisk skoðun og sálfræðileg próf (frá 1963) bera vott um djúplæg taugaveiklunareinkenni og skapgerðargalla, sem gert hafa A nálega ófélags hæfan á undanfórnum árum. Taugaveiklun hans hefur í för með sér ríka þörf til fráverps (projectio) og réttlætningar (rationalization) og kemur hún greinilega fram í afstöðu hans til málsins. Hann er sennilega haldinn sterkum kynhvötum með voyeuristiskum tilhneigingum af taugaveiklunar uppruna, en engar sannanir eru fyrir hendi um óeðlilegar tilhneingar hans til barna (paedophilia), þótt slíkar hvatir gætu náð valdi á honum undir áhrifum áfengis.

Ályktun: A er ekki haldinn geðveiki eða fávítahætti. Hann er

haldinn taugaveiklunar- og skapgerðargöllum ásamt með sterkum kynhvötum, sem fá sérstaka útrás undir áhrifum áfengis. Hann er því sakhæfur.“

Í sálfræðiprófun hjá Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi reyndist A ósamvinnufús, og er því vísað til fyrri prófa á ákærða vegna ætlaðs skírlífisbrots á árinu 1963. Í skýrslu sálfræðingsins kemur m. a. fram, að um greinilega neurosis sé að ræða hjá A og hysterískan persónuleika á hæsta stigi, en hann stafi að öllum líkindum af sterkri ödipusarduld. Hann taldi A hafa fixerast á oral-sadistisku skeiði, en af því stafi oft paraphilia og væri nauðgun skiljanlegt athæfi hjá einstaklingi með sálarlífssögu A, og eru niðurstöður sálfræðingsins þessar:

„Þessi sj. (A) er eðlilega greindur og ber engin merki um psychosis eða psychopatia. Aftur á móti er hann mjög neurotiskur, hysteriskur persónuleiki á háu stigi. Tilfinningalíf hans er mjög infantilt og geðbrigði stjórnlítill. Rannsókn sýnir miklar sexual aggressionir, sem sennilega eiga rót sína að rekja til stöðnunar á oral-sadistisku þroskastigi vegna óvenju sterks tilfinningasambands við móður svo og annarra ytri aðstæðna á 2. til 6. aldursári að öllum líkindum. Það væri í samræmi við sálarástand og persónuleika sj. að fremja nauðgun. Ef um nauðgun hefur verið að ræða, er líklegt, að hinn eiginlegi verknaður hafi orðið vegna hvata, sem sj. hafði á þeirri stundu enga stjórn á, enda þótt líklegt sé, að hann hafi gert sér grein fyrir hvert stefndi. Sömuleiðis er ekki ómögulegt og í samræmi við persónuleika sj., að hysterísk gleymaska hafi þurrkað verknaðinn úr vitund sj.

Þessi sj. þarf á lækningu að halda, sem þó yrði sennilega löng og erfið, en í núverandi ástandi tel ég hann varhugaverðan þjóðfélagsborgara.“

Ekki er upplýst, að A hafi hlotið umtalaða lækningu.

Niðurstaða geðlæknisins um ákærða B.

„Klinísk skoðun og sálfræðileg próf leiða í ljós, að B er greindur maður, með skapgerðargalla, sem koma fram í óþroskuðu tilfinningalífi, innibyrgðum hvötum og ístöðuleysi gagnvart áhrifum annarra. Hafa allir þessir þættir leitt til óhóflegs drykkjuskapar, sem haft hefur í för með sér félagslega afturför á undanfórnum árum. Hann hefur eðlilega dómgreind undir venjulegum kringumstæðum, en hefur tilhneigingu til slökunar á ábyrgri hvatastjórn sinni undir áhrifum áfengis, einkánlega þegar um kynferðislegt áreiti er að ræða. Hann virðist vera haldinn kyn-

ferðislegum annmörkum, en ósjálfstæði hans og ábyrgðarleysi undir áhrifum áfengis hefur átt mestan þátt í afbroti hans.

Ályktun:

B er ekki haldinn geðveiki eða fávitahætti. Hann er hins vegar haldinn skapgerðargöllum, sem koma sérstaklega í ljós undir áhrifum áfengis, og er hann því sakhæfur.“

Ætlunin var að kanna andlegt ástand og þroskastig telpunnar X, og 18 janúar 1973 ritaði dómari Sverri Bjarnasyni, lækni á geðdeild barnaspítala Hringins, og bað hann að annast þessa rannsókn, sem hann féllst á að taka að sér að því tilskildu, að samþykki foreldra eða foreldris og jákvæð afstaða þeirra til rannsóknarinnar væri fyrir hendi, því ella teldi hann ekki gagn verða af rannsókninni.

Vegna andstöðu foreldra X hefur ekki orðið af rannsókninni, þrátt fyrir að málinu hafi verið frestað um lengri tíma, og það eftir munnlegan flutning þess, til þess að verjandi ákærða A gæti beitt áhrifum sínum á ákærða og konu hans í þá átt að fá jákvæða afstöðu þeirra, hefur það ekki tekist, og þó lagði verjandi mikið upp úr, að hún lægi fyrir í málinu.

Eftir málflutning í málinu 29. apríl 1974 ritaði dómari Rúnari Brynjólfssyni, yfirkennara Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, bréf og óskaði umsagnar um X, sbr. dskj. XXII—XXIV, og barst umsögn kennara hennar, Ernu Björnsdóttur, í október 1974 og er svohljóðandi:

„X hefur svö s.l. skólaár verið nemandi minn. Hún hefur í sínu námi og starfi komið mér þannig fyrir sjónir: Vel gefin, þrúð í framkomu og samvizkusöm í hvívetna. Hef ekkert nema gott um þennan nemanda að segja.“

Við leit, sem gerð var í húsakynnum ákærða A, fannst mynda-syrpa, sem tekin hafði verið af kynmökum eiginkonu ákærða A við aðra menn, þ. á m. meðákærða B. Ljóst er af skýrslum, sem teknar voru af eiginkonu ákærða A, meðákærða B og tveim öðrum mönnum, sem myndirnar voru af, að þeir höfðu samfarir við konuna með samþykki hennar, en ákærði A bauð upp á þær og stjórnaði, hvernig þær fóru fram, og ljósmyndaði þær jafnframt.

Í vottorði félagsins Heyrnarhjálp er frá því greint, að E, eiginkona ákærða A, sé með svo mikla heyrnardeyfu, að hún þurfi að nota heyrnartæki alla daga.

Þess skal getið, að þess var gætt, að hún heyrði allt, sem fram

tór hér fyrir dómi, en til þess þurfti að tala lítið eitt hærra en venjulega og skýrt, en hún hváði við, ef eitthvað fór fram hjá henni.

Svo sem sést af dómsskjali nr. XXX hlaut ákærði A dóm í sakadómi Reykjavíkur 16. september 1964 fyrir að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 31. júlí 1963 gert tilraun til að þröngva 13 ára stúlku til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi. Rétt þykir að rekja að nokkru framburð ákærða A fyrir dómi við rannsókn þess máls, þar sem það er til skýringar á ætluðu broti hans nú.

Í sakadómi Reykjavíkur 10. ágúst 1963 skýrði ákærði frá því, að karlmaður hefði haft óeðlileg mök við hann, þegar hann var barn að aldri, og a. m. k. þá tvö undanfarin ár hefði borið á því, að þegar hann væri undir áhrifum áfengis, fyndi hann til óeðlilegra kynhvata, þannig að hann hefði hug á því að eiga annarleg mök við stúlkur, en hefði þó ekki látið undan þeirri árátu. Þó kvað hann, að vera kynni, og jafnvel taldi hann það ekki ósennilegt, að hann hefði farið höndum um kynfæri L.M. í umrætt skipti, en minni hans væri nú ekki skýrt um atburðina, þó ekki vegna ölvunar hans, heldur vegna þess að mjög þyrmdi yfir hann, þegar hann væri haldinn hinum óeðlilega kynþráa.

Leitt var í ljós við þessa rannsókn, að ákærði A tók bæði kvikmyndir og ljósmyndir af stúlkunni L.M., áður en hann reyndi að hafa við hana kynmök, og lét hann stúlkuna vera lítt klædda eða nakta á myndunum. Einnig var honum til aðstoðar við myndatökur áhugaljósmyndamaður, og kvað hann ákærða A hafa ráðið uppstillingu stúlkunnar á sumum myndanna og þær sumar hverjar verið mjög klúrar. Ákærði A mundi ekki, hvernig uppstillingar telpunnar voru, en kvaðst hafa lagt orð í belg um þær.

Við frumrannsókn málsins villti ákærði á sér heimildir til að komast fram hjá lögreglu inn í íbúð sína til að geta spillt þar sakargögnum.

Atvikum hefur nú verið lýst hér að framan, og kemur þá til athugunar, hvort ákærðu hafa gerst sekir um atferli það, sem í ákæru greinir.

Þetta verður leitt af gögnum málsins:

1. Ákærðu voru saman á heimili ákærða A við vándrykkju og neyslu amfetamínpillna þau tvö kvöldin eða fyrri hluta nóttu þeirra, sem kynmökunni við X eru talin hafa átt sér stað, þ. e. um áramótin 1971—1972 og um mánaðamótin maí-júní 1972. Þeir

voru jafnframt að skoða kynlífsmyndir, aðallega af mökum manna og dýra, og ræddu um kynlíf og samfarir.

2. Í framhaldi af þessu er sannað með játningu ákærða B og framburði telpunnar X, að hann hafði í bæði skiptin kynmök við hana. Eftir að telpan hafði verið látin fara úr öllum fötum, var hún látin leggjast á borð í borðstofunni með kynfærin við borðbrúnina og útglennt, og reyndi ákærði B, sem þá var nakinn orðinn, að koma kynlim sínum inn í kynfæri telpunnar, en kom aðeins inn parti af kónginum og reyndi að hafa samfarahreyfingar, en tókst ekki, en nuddaði kynlim sínum utan í kynfæri telpunnar. Hann hafði ekki komið kynlim sínum vel inn vegna fyrirstöðu, sem hann fann fyrir í kynfærum telpunnar. Kynlimur hans linaðist svo upp og hann hætti frekari tilraunum. Hann hafði áður látið telpuna nudda kynlim sinn og sjúga.

3. Játning hefur ekki fengist hjá ákærða A um, að hann hafi á sama tíma framið sams konar verknað gagnvart X og meðákærði B, svo sem hann er grunaður um. Er hann var fyrst spurður um kæruatriði hjá rannsóknarlögreglu, kvaðst hann vera algerlega saklaus af kynmökum við X, síðar sama dag, er hann er nánar spurður um kæruatriðin, neitaði hann að svara öllum spurningum um það og hélt nánast við það, er hann kom fyrir dóm. 20. júlí og 4. ágúst 1972 og neitar einungis sakargiftum, en er þó gert ljóst, að þögn hans kunni að vera metin honum í óhag. Við sampröfun meðákærða neitar hann fyrst kæruatriðunum og telur þau lygi, en síðar í sampröfuninni kvaðst hann ekki minnast þess, að atburðurinn, þ. e. kynmök hans og meðákærða við X, hefði gerst. Ákærði hafði lýst því yfir, er hann var yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur vegna meints skírlífsbrots 1963, að minni hans væri ekki skýrt um þann atburð, vegna þess að mjög þyrmdi yfir hann, þegar hann væri haldinn hinna óeðlilegu kynþrá, þ. e. að undir áhrifum áfengis hefði hann hug á að eiga annarleg mök við stúlku.

Ákærði var í greind skipti undir áhrifum áfengis og lyfja, og eiginkona hans hefur borið, að þá sé hann varla normal gagnvart sér né börnunum.

Í vottorði Gylfa Ásmundssonar sálfræðings segir um ákærða, að hann sé hysteriskur persónuleiki á háu stigi og ekki ómögulegt og í samræmi við persónuleika hans, að hysterisk gleymaska hafi þurrkað verknaðinn (þá tilraun til nauðgunar 13 ára stúlku) úr vitund hans.

Eiginkona hans hefur og borið fyrir dómi, að ákærði tapi mjög

minni við vándrykkju og eftir hana og er hún reyni að glöggva hann á því, sem gerst hafi, rifjist það ekki upp fyrir honum.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja sennilegt, að minni ákærða nái ekki til þeirra verknaða, sem hann er hér ákærður um að hafa framið, og líklegast, að þeir hafi þurrkast út úr vitund hans.

Við mat á sekt hans verður því að hafa eftirtalin atriði í huga:

4. Telpa X hefur bæði hjá rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi borið það, að ákærði A, faðir hennar, og meðkærði B hafi haft við hana kynmök, þ. e. að ákærði A færði hana úr buxunum, og svo var hún látin leggjast upp á borðstofuborðið, þar sem ákærðu reyndu að hafa við hana samfarir. Af framburði telpunnar er ljóst, að ákærði A, eftir meðkærða, reynir tvívegis, og reyndar oft, að hafa samfarir við X, og kveður telpa móður sína hafa verið í síðara skiptið á spítala að eiga barn, (þ. e. eftir 30. maí 1972). Hún kvað pabba sinn hafa sett kynlim sinn í klop sér og reynt að koma honum inn í kynfæri sín og haft við sig samfarir, en ekki tekist. Hún kvað ákærðu og hafa sett fingurna inn í kynfæri sín. Hún hafi verið á móti þessu, en faðir hennar þá orðið sár og vondur, svo að hún lét tilleiðast.

Það styrkir framburð telpunnar, að hann er gefinn hjá rannsóknarlögreglu, áður en skýrsla var tekin af meðákærða B, og er í meginatriðum í samræmi við framburð hans og ekkert, sem hnígur að því, að hann sé ekki réttur um ákærða A.

Telpa er af kennara sínum talin vel gefin. Hún var staðföst í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, og þykir ekki breyta neinu hér um, þótt O staðfesti í bréfi til hæstaréttarlögmanns Jóns Oddssonar, að hann hefði heyrt telpuna löngu seinna á heimili sínu, undir áhrifavaldi ákærða A, móður sinnar og föður ákærða, ganga frá framburði sínum. Ekki liggur fyrir, að sjálfstæð læknisfræðileg athugun hafi þá verið gerð af héraðslækninum, en foreldrar X lögðust gegn sjálfstæðri sálfræðilegri rannsókn, sem dómariinn hafði óskað eftir, að fram færi.

5. Meðákærði B hefur borið, að í bæði umrædd skipti hafi ákærði A lagt atbeina sinn til kynmaka þeirra beggja við X. Hafi hann kallað á telpuna, fengið hana til að fara úr buxunum og öllum fötunum og fara upp á borð í borðstofu og eftir að hann, meðákærði, hafði reynt að hafa við hana samfarir, hafi ákærði A í bæði skiptin reynt slíkt hið sama og komið fremsta hluta kynlimsins, eða parti af „kónginum“, inn í kynfæri telpunnar og hreyft sig við það og hann hafi og strokið kynlim sínum við kyn-

færi telpunnar. Honum hafi orðið sáðfall. Hann kvað ákærða A og hafa látið telpuna nudda kynlim sinn og sjúga.

Meðákærði B skýrði undanbragðalaust frá atvikum, og verður ekki séð, að hann hafi á nokkurn hátt reynt að fegra hlut sinn né að hann hafi hneigst sérstaklega til að sverta ákærða A eða koma sök sinni yfir á hann.

6. Verknaðir þeir, sem hér um ræðir, fara fram á heimili A, sem þar ræður húsum, og er í valdi hans að stjórn því, sem þar fer fram, en fram er komið, að hann hefur mikið áhrifavald á konunni og börnunum.

7. Samkvæmt ályktun Gylfa Ásmundssonar sálfræðings var það í samræmi við sálarástand og persónuleika ákærða A að fremja nauðgun 1963, en þá viðurkenndi hann, að þegar hann væri undir áhrifum áfengis, fyndi hann til óeðlilegra kynhvata, þannig að hann hefði hug á að hafa annarleg mök við stúlkur. Konan kveður hann ekki normal við sig né börnin undir áhrifum áfengis, en hann var í greint sinn undir áhrifum áfengis.

8. Paedophilia — Jakob Jónasson geðlæknir telur, að undir áhrifum áfengis gætu náð valdi á ákærða A hvatir um óeðlilegar tilhneigingar til barna.

9. Í máli þessu verður að taka nokkuð mið af því, að ákærði lenti, eins og aðframan er rakið, í því áður að fremja skírlífisbrot gagnvart 13 ára stúlku og hvernig það bar að. Í því tilviki hafði hann misst stjórn á kynhvötum sínum eftir að hafa verið um nokkura stund að ljósmynda stúlkuna nakta og fáklædda og í klúr-um stellingum. Svo sem fyrir liggur í máli þessu, sbr. dskj. III 21—24, hafði ákærði ljósmyndað X og systur hennar naktar og fáklæddar, og eru sumar stellingarnar klúrar.

10. Með ljósmyndum, dskj. nr. V, og framburðum er upplýst, að ákærði samþykkir og býður upp á, að aðrir karlmenn hafi samfarir við konu hans, og tekur myndir af og hirðir þá lítt um, þótt eitt ungbarna hans horfi á.

Gefur þetta að nokkru mynd af, á hvaða siðferðisstigi ákærði er, lýsir og þeim brengluðu siðferðishugmyndum, sem hann hefur.

11. Þegar virt eru saman öll þau atriði, sem greind eru í lið 3—11, verður að telja, að með framburði X og meðákærða og með atriðum þeim, sem rakin eru í liðum 6—11, sem ásamt minnisleysi ákærða færa sterkar líkur að því, að hann hafi framið umræddan verknað, og þykir þetta allt veita lögfulla sönnun um, að ákærði A reyndi í bæði umrædd skipti á eftir meðákærða B að hafa samfarir við dóttur sína X, þannig að hann eftir að hafa látið telp-

una afklæðast og setjast upp á borð, setti hann kynlim sinn í klof henni og ýtti honum áleiðis inn í kynfæri hennar og kom fremsta hlutanum inn og hreyfði sig. Hann nuddaði svo kynlim sínum við kynfæri telpunnar.

Hins vegar ef litið er til þess, að samkvæmt vottorði Andrésar Ásmundssonar sáust engir áverkar á kynfærum X, og meydóms-himnan var heil, og útilokað að hans mati, að hafðar hefðu verið við hana fullkomnar samfarir, og fyrir liggur, að ákærðu komu vegna fyrirstöðu rétt fremsta hluta kynlima sinna inn í kynfæri X, verður ekki talið, að þeir hafi náð að hafa eðlilegar samræðis-hreyfingar og því ekki um fullframdar samfarir að ræða, heldur tilraun til holdlegs samræðis við X, og auk þess hafa þeir með því að nudda kynlimum sínum við kynfæri telpunnar o. fl. gerst sekir um að hafa við hana önnur kynmök.

Þykja verknaðir beggja ákærðu varða við 1. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr., og 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Atferli ákærða A þykir auk þess varða við 1. mgr. 190. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir öllum atvikum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði A sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 14 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæslu-varðhaldsvist ákærðu frá 14. júlí 1972 til 22. september 1972 komi til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærði A greiði í þóknun til réttargæslumanns síns, hæstaréttarlögmans Jóns Oddssonar, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000, og auk þess greiði hann skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmanni Jóni E. Ragnarssyni, málsvarnarlaun, sem ákveðast kr. 70.000.

Ákærða B ber að greiða skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni Erlingi Bertelssyni, málsvarnarlaun, sem ákveðast kr. 60.000.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast kr. 60.000, ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

Um drátt þann, sem orðið hefur á máli þessu, vísast til skýringa í réttinum 15. des. 1975, en sú töl, sem orðið hefur nú á, að dómurinn yrði á málið lagður, stafar af önnur dómarsins við önnur aðkallandi mál.

Dómsorð:

Ákærði A sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 14 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 14 júlí til 22. september 1972 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu ákærðu.

Ákærði A greiði þóknun til réttargæslumanns síns, hæstaréttarlögmanns Jóns Oddssonar, kr. 25.000, og í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarssonar, kr. 70.000.

Ákærði B greiði skipuðum verjanda sínum í málsvarnarlaun kr. 60.000.

Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000, greiði ákærðu saman óskipt.

Dómi þessu ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 16. maí 1978.

Nr. 12/1976. **Jakob Þór Magnússon**
(Lúðvík Gizurarson hrl.)

gegn

Áslaugu Valdimarsdóttur
(Örn Clausen hrl.).

Hjón. Skipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinhjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 14. janúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. desember 1975. Krefst hann þess, að verðmæti þau, sem greinir „í svonefndum kaupmála frá 12. febrúar 1965“, verði eigi talin séreign stefndu og komi til skipta vegna hjónaskilnaðar málsaðilja. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.